

Stjórnarfundur í Geðhjálp 15.11.17

Mættir: Hrannar, Sveinn Rúnar, Þórður, Anna, Halldóra, Garðar, Bergþór, Sylviane og Kári.

1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (KAS).

2. Drög að niðurstöðum barnageðheilbrigðisráðstefnu (AGÓ)

Anna fór yfir drög að niðurstöðum barnageðheilbrigðisráðstefnunnar *Börnin okkar*. Þar kemur m.a. fram að formgera þurfi þriggja þrepa kerfi þjónustunnar, efla geðræktarstarf, bjóða upp á heildstæða skólaþjónustu, tryggja fjölskyldustuðing á heilsugæslustöðvum og styrkja stoðir barnaverndar. Koma þurfi á móts við eldri hópinn með aðgengi að sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum og stofnun geðheilbrigðisstöðva fyrir ungt fólk. Þá þurfi að efla samvinnu milli þjónustuaðila og renna styrkari stoðum undir söfnun tölfræðigagna og rannsóknir.

Anna mun vinna drög að bréfi Geðhjálpar til viðkomandi ráðherra í tengslum við niðurstöður ráðstefnunnar.

3. Reifun á framkvæmd morgunfundar um geðheilbrigði á vinnustöðum, ráðstefnu um barnageðheilbrigðisþjónustu, opnum fundi með fulltrúum flokkanna og batakvöldi, (HJ, AGÓ).

Fram kom að allir viðburðirnir hefðu heppnast vel. Rætt var um þá gleðilegu þróun í íslensku samfélagi að tabú gagnvart geðsjúkdómum væru á hröðu undanhaldi, svo líkja mætti við byltinguna í sýn þjóðfélagsins á hinsegin fólk síðastliðna áratugi.

4. Kynning á skýrslu sérstaks álitsgjafa Sp (HJ).

Hrannar sagði í stuttu máli frá skýrslu sérstaks álitsgjafa Sameinuðu þjóðanna, og að hún væri metnaðarfull með meiru. Hana þyrfti að kynna fyrir mannréttindahópum hérlendis og í fjölmiðlum. Hugmyndir voru reifaðar um hvar mætti helst koma skýrslunni á framfæri, svo sem á Fésbók eða meðal starfsfólks á Kleppi (Hrannar ætlar að taka hið fyrrnefnda að sér). Anna varpaði fram hugmynd um að hrinda úr vör rafrænni undirskriftasöfnun/-herferð til að ýta undir að aðalatriðum skýrslunnar yrði hrint í framkvæmd. Hún sagði að höfundi skýrslunnar hefði verið boðið að koma til Íslands til að kynna hana.

5. Helstu fréttir af aðalfundi ÖBÍ (HJ).

Sylviane og Hrannar greindu lítillega frá því sem helst fram fór á aðalfundi Öryrkjabandalagsins, og ber þar hæst að nýr formaður var kosinn (naumlega). Frændi Sveins Rúnars tapaði þeirri rimmu með litlum mun.

Sylviane var kjörin í aðalstjórn ÖBÍ fyrir hönd Geðhjálpar á aðalfundinum.

6. Skýrsla til velferðarráðuneytis og fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 (HJ, AGÓ).

Fram kom að skýrslan endurspegladi mikla virkni Geðhjálpar á liðnu ári. Farið var yfir fjárhagsáætlunina, og telur Hrannar að Geðhjálpar hafi mikla burði til að láta meira til sín taka í framtíðinni. Félags- og styrktarfélagagjöld séu orðin drýgri tekjulind heldur en styrkurinn frá velferðarráðuneytinu, og fyrir vikið sé félagið orðið mun sjálfstæðara heldur en áður. Halldóra lýsti yfir ánægju sinni með téða fjárhagsáætlun og sagði hana gefa góða mynd af góðu starfi góðs fólks.

7. Skipulagning stjórnarfundu Geðhjálpar fram í tímann (PI).

Samþykkt var að stjórnarfundir í Geðhjálpar yrðu haldnir fyrsta fimmtudag í mánuði í janúar, febrúar og mars. Næsti fundur stjórnar Geðhjálpar verður haldinn með jólasniði þann 14. desember

8. Bataskólinn, nýjustu fréttir (HP, EB, AGÓ).

Halldóra sagði frá því að skólinn hefði fengið kennitölu, og að í farvatninu væri að vera með tvo hópa samtímis í skólanum í framtíðinni í stað eins líkt og nú er. Þá sagði hún frá því að skólinn hefði fengið 3,3 mkr. styrk frá velferðarráðuneytinu og 1 mkr styrk frá Virk.

9. Þátttakendur í „Pub quiz“ á vegum samráðsvettvangs úrræðanna þann 5. desember (HJ).

Þórður sagði frá fyrirhugaðri pub quiz keppni samráðsvettvangsins þann 5. desember. Munu þar etja kappi fólk úr geðúrræðunum svokölluðu í þriggja manna liðum. Ragnheiður Ösp hefur boðist til að gefa verðlaun.

10. Önnur mál:

Hrannar sagði að spítalinn hefði boðið fulltrúa Geðhjálpar að flytja inngangserindi á vinnusmiðju um hvernig hægt væri að draga úr ofbeldi á spítalanum þann 7. desember næstkomandi. Anna hefur fengið 13 notendur til að taka þátt í vinnusmiðjunni ásamt því að tveir hafa viljað tjá sig í síma. Sylviane lagði til að tækifærið væri notað til að kynna kafla úr skýrslunni góðu (sjá hér að ofan).

Fundinum lauk um kl. 19:24